

Sb.

593. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1977.

INNGANGUR.

Á fjárlögum ársins 1977 var veitt 931.6 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum, auk 150.0 millj. kr. til Grundartangahafnar, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en er nokkuð sérstaks eðlis. Til landshafna var veitt 195.0 millj. kr., og til ferjuhafna 17.0 millj. kr. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig alls 1 293.6 millj. kr.

Framkvæmdir á árinu urðu í almennum höfnum samtals 1 278.8 millj. kr., á Grundartanga 391.3 millj. kr., í landshöfnum 174.0 millj. kr. og í ferjuhöfnum 6.0 millj. kr. Í Reykjavíkurhöfn, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitingar úr ríkissjóði, námu framkvæmdirnar 328.0 millj. kr.

Heildarframkvæmdir í hafnargerðum á landinu urðu því á árinu 2 178.1 millj. kr., en urðu árið áður 1 882.1 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð og rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum, fjárveitingar til sjóvarnargarða og gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán.

ALMENNAR HAFNIR.

Hér fer á eftir lýsing framkvæmda í hverri höfn fyrir sig.

Akranes.

Haldið var áfram byggingu grjótvagnar utan á aðalhafnargarðinn. Grjótmagnið, sem unnið var, nam 84 000 m³, og varð meðalverð um 1 320 kr/m³, sem er mun minni hækkun frá árinu áður en búast mátti við.

Þegar þessu verki var hætt, náði grjótvörnin tæplega út á enda gamla hafnargarðsins og var þar breiðust eða um 35 m. Vinna hófst 15. mars og lauk 10. okt.

Sett var upp hafnarvog í gryfju og hús, sem steipt var árið áður. Var vogin tekin í notkun um vorið. Byggt var líkan af Akraneshöfn í hafnalíkanstöð Hafnamálastofnunarinnar. Hófst tilraunir með það í september og stóðu enn um áramót.

Gert var við þekju á hluta aðalhafnargarðs, um 500 m². Var það verk unnið frá miðjum okt. þar til um miðjan desember. Grettir, hinn nýi gröfuprammi Hafnamálastofnunar, gróf upp með sementsbryggjunni, alls 1 200 m³. Dýpi, sem náðist, var um 4.5 m. Grettir kom til Akraness 22. sept. 1977 og fór 4. okt. 1977.

Framkvæmdakostnaður: 151.1 millj. kr.

Borgarnes.

Mælt var upp hafnarstæði.

Kostnaður: 1.0 millj. kr.

Arnarstapi.

Verklok grjótgards.

Framkvæmdakostnaður: 980 þús. kr.

Hellnar.

Verklok, löndunarkrani og fleira.
Framkvæmdakostnaður: 400 þús. kr.

Ólafsvík.

Verklok, mælingar o. fl.
Framkvæmdakostnaður: 4.3 millj. kr.

Grundarfjörður.

Dælupramminn Hákur kom til Grundarfjarðar 5. febr. og dældi upp úr nýju höfninni. Gekk verkið vel, og var alls dælt upp 19 400 m³ af mól og sandi. Verkinu lauk 24. febr. Byggð var upp gamla löndunarbryggjan. Hafði hún verið byggð úr forspenntum berandi einingum, sem ekki höfðu reynst vel við þessar aðstæður og voru stálstrengir í bitum farnir að tærast.

Þetta var leyst með því að steypa nýja berandi þekju yfir alla bryggjuna. Verkið hófst 23. sept. 1977 og lauk 29. október. Gengið var frá kanti á nýja stálþilinu í janúar 1978.

Framkvæmdakostnaður: 26.0 millj. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var að endurbótum í dráttarbraut. Vinna hófst 15. nóv. 1977 og var ekki lokið um áramót. Er hér um að ræða brú og útbúnað, sem auðveldi á að setja báta í vagn dráttarbrautarinnar.

Vinna hófst við byggingu húss og gryfju bílavogar og keypt var bílavog, sem sett verður upp á árinu 1978.

Framkvæmdakostnaður: 24.9 millj. kr.

Patreksfjörður.

Hönnunarkostnaður og fl.
Framkvæmdakostnaður: 290 þús. kr.

Tálknafjörður.

Mælingar og rannsóknir á hafnarstæði.
Framkvæmdakostnaður: 1.2 millj. kr.

Bíldudalur.

Unnið var að rekstri stálþils við innri hluta aðalhafnargarðsins. Stálþilið er 48.5 m langt, og verður þar besti viðlegukantur hafnarinnar. Fyllt var í þilið, steypur kantur og gengið frá vatnslögn. Grafið var frá þilinu með krana um 3 000 m³.

Verkið hófst 15. ágúst og var enn unnið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 44.0 millj. kr.

Þingeyri.

Vinnu var haldið áfram við stálþilið, sem byrjað var á 1976. Lokið var við að reka þilið niður, alls 108 m. Steypur var á það kantur og hús undir ljósamastur. Lokið var við lagnir, en eftir er að steypa þekju.

Verkið hófst 7. janúar og lauk 8. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 72.340 þús. kr.

Flateyri.

Dælupramminn Hákur dældi frá nýja stálþilinu. Dælt var upp 19 500m³ af sandi í uppfyllingu meðfram hafnargötunni.

Verkið hófst 8. nóvember 1977 og lauk 12. desember.

Framkvæmdakostnaður: 13.5 millj. kr.

Suðureyri.

Settur var niður löndunarkrani og lýsing lagfærð við frystihús. Byrjað var á undirbúningi fyrir hafnarvog. Einnig var unnið að mælingum.

Framkvæmdakostnaður: 1 720 þús. kr.

Ísafjörður.

Rekið var niður 65 m stálþil í framhaldi af aðalvörुकanti og togarakanti hafnarinnar. Fyllt var að þilinu og settir niður bráðabirgðapollar.

Verkið hófst 23. maí og lauk 31. október.

Framkvæmdakostnaður: 42.0 millj. kr.

Súðavík.

Byrjað var á grjótgarði, sem mynda á skjólhöfn fyrir báta innan við núverandi hafnargarð. Núverandi hafnargarður er viðlegu- og löndunarkantur togarans, en viðlegukant hefur vantað fyrir minni báta.

Keyrður var út 165 m langur grjótgarður eða 18 500 m³ af grjóti. Eftir er 115 m langur garður eða 17 000 m³ af grjóti.

Verkið hófst 19. ágúst og lauk 1. desember.

Framkvæmdakostnaður: 48 255 þús.kr.

Drangsnes.

Sett voru upp innsiglingarmerki við viðleguhöfnina í Kokkálsvík.

Framkvæmdakostnaður: 540 þús.kr.

Hólmavík.

Sett var grjótvörn sunnan á hafnargarðinn. Endurnýjuð var vatnslögn, raf-lögn og lýsing á hafnargarðinum.

Vinnu var hætt 19. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 9.5 millj. kr.

Hvammstangi.

Byggð var létt viðlegubryggja úr timbri innan á nýja grjótgarðinn 54 m löng.

Verkið hófst 5. maí og lauk 6. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 17 565 þús.kr.

Blönduós.

Athuganir á hafnarstæði.

Framkvæmdakostnaður: 20 þús. kr.

Skagaströnd.

Haldið var áfram hafnarframkvæmdum á Skagaströnd. Dælupramminn Hákur kom þangað 19. sept. og dældi 18 300 m³ úr innri höfninni. Hluti hins uppdælda efnis var settur í uppfyllingu framan við bræðsluna, þar sem nýja stálþilið á að koma. Verkinu lauk 29. okt. Hákur dældi einungis efstu 2 metrunum af sandi úr höfninni. Undir var seigur leir, sem ekki var hægt að dæla. Í það verk fór nýi gröfupramminn Grettir 18. nóv. 1977. Komið hafði til greina að grafa höfnina á þurru með því að stífla fyrir framan hana, en þegar ljóst var að Grettir var væntanlegur til landsins, var hætt við þá fyrirætlun. Þegar Grettir hóf gröftinn kom í ljós, að honum gekk vel að grafa upp leirinn og hafði hann grafið upp tæpa 14 000 m³ um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 47.0 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Gengið var frá þekju við nýja stálþilskantinn. Þekjan var steyppt að hluta, 1 600 m², og malbikuð að hluta 1 400 m². Hafði bæjarsjóður Sauðárkróks umsjón með framkvæmdum og var verkið hoðið út. Brúnás h.f. vann verkið. Þekjusteypu var lokið í ágúst og malbikun í september.

Framkvæmdakostnaður: 15.5 millj. kr.

Siglufjörður.

Unnið var að undirbúningi nýs stálþilsgarðs fyrir togara til löndunar og viðlegu. Þessi nýi stálþilsgarður verður um 50 m langur með viðlegu báðum megin fyrir togara og verður út af væntanlegu frystihúsi Þormóðs ramma h.f. Byrjað var á verkinu með uppgreiftri lélegs undirstöðuefnis, alls tæp 20 000 m³, úr garðstæðinu. Þessi uppgröftur var unninn af grafprammanum Birninum samkvæmt samningi. Unnið var við þetta verk frá ársbyrjun 1977 og fram í nóvember, en árið 1976 höfðu verið grafnir 5 000 m³. Í nóvember var tekið til við að aka fyllingarefni í garðstæðið. Vörubilstjórar á Siglufirði tóku að sér þetta verk samkvæmt tilboði. Þessu verki var ólokið um áramót, þegar eftir var tveggja vikna vinna.

Framkvæmdakostnaður: 29.0 millj. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við grjótvörn og styrkingu skjólgarða hafnarinnar. Norðurgarður var breikkaður og styrktur með grjóti, en hann er aðalathafnakantur hafnarinnar og viðlega togara. Um 15 000 m³ af grjóti fóru á norðurgarðinn, og er nú horfin sú ágjöf, sem olli vandræðum áður. Ennfremur var hækkaður og styrktur skjólgarðurinn utan við bátahöfnina. Hafði hann sigið nokkuð niður í sandinn á undanfórnum árum. Voru keyrðir á hann 5 800 m³ af grjóti.

Verkið hófst í seinni hluta júní 1977 og lauk í miðjum september.

Framkvæmdakostnaður: 37.5 millj. kr.

Dalvík.

Rekið var niður 33 m stálþil á enda Austurgarðs, sem er innri skjólgarður Dalvíkurhafnar. Hafði það lengi verið ósk heimamanna að rekið væri niður stálþil frá innsiglingarbrúsa að enda viðlegubryggju innan á Austurgarði, þar sem skipstjórar óttuðust grjótfláann þar á milli.

Steyptur var kantur á þilið og fyllt í það.

Verkið hófst í ágúst og lauk um miðjan október.

Framkvæmdakostnaður: 23.0 millj. kr.

Hrísey.

Byggð var viðlegubryggja innst innan á Norðurgarð. Þar munu bátar geta haft viðlegu, en þrengst hafði mjög um þá innan á aðalhafnargarðinum eftir komu skuttogarans. Þarna verður 50 m langur viðlegukantur úr timbri og 3 m dýpi.

Verkið hófst 1. nóvember og var ekki lokið um áramót. Var þá eftir frágangur dekkis og þybba, eða mánaðarvinna.

Framkvæmdakostnaður: 17 680 þús.kr.

Hauganes.

Verklok grjótvarnar.

Framkvæmdakostnaður: 60 þús. kr.

Hjalteyri.

Haldið var áfram byggingu bátahafnar. Á árinu 1976 hafði verið keyrður út grjótgarður, og var nú byggð 32 m löng grjótkista á enda hans. Verður þar kantur bæði utan og innan á.

Verkið hófst 21. ágúst 1977 og lauk 15. nóvember. Var þá búið að fylla með grjóti í kistuna, en ekki hafði verið steypt þekja og lagnir og lýsingu vantar.

Framkvæmdakostnaður: 35 630 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var við frágang í hinni nýju vöruhöfn. Malbikaður var fremri hluti þekju, alls 2 300 m². Settar voru þybbur á 240 m. Sett var vatns- og raflögn í vörukantinn. Dýpkað var fyrir framan og austan kantinn með krana. Spor dráttarbrautar voru lengd um 24 m út á meira dýpi. Dýpkað var þar einnig. Dýpkað var við viðgerðarkant Slippstöðvarinnar.

Unnið var við þetta verk með hléum á tímabilinu frá mars til des.

Framkvæmdakostnaður: 72 130 þús. kr.

Grenivík.

Athugun hafnarstæðis.

Kostnaður: 60 þús. kr.

Grímsey.

Mælingar hafnarstæðis.

Kostnaður: 600 þús. kr.

Húsavík.

Hafin var bygging smábátahafnar innan hafnarinnar. Keyrður var út grjótgarður, um 8 000 m³, og innan við hann fyrirstöðugarður væntanlegrar uppfyllingar.

Verkið hófst í aprílhyrjun og lauk 30. júní.

Framkvæmdakostnaður: 31.0 millj. kr.

Raufarhöfn.

Hafin var bygging bátahafnar innan hafnar. Keyrður var út grjótgarður, um 260 metra langur. Í hann fóru um 2 000 m³ af grjóti og 18 000 m³ af kjarnaefni.

Verkið hófst 16. ágúst 1977, og lauk 7. nóv.

Framkvæmdakostnaður: 30.5 millj. kr.

Pórshöfn.

Byrjað var á byggingu skjólgarðs úr grjóti, sem mun skýla allri höfninni í norðlægum áttum. Var brotið skarð á steyptan skjólvegg og keyrður út garðstubbur, tæplega 50 m langur. Magnið, sem keyrt var í garðinn, var um 5 000 m³.

Verkið hófst 4. júlí og lauk 1. september.

Framkvæmdakostnaður: 17.7 millj. kr.

Bakkafjörður.

Framkvæmdar voru dýptarmælingar inn með landinu fyrir innan þorpið í þeim tilgangi að finna stað fyrir viðleguhöfn báta.

Kostnaður: 660 þús.kr.

Vopnafjörður.

Hafin var bygging nýs hafnargarðs í skjóli við brimvarnargarðinn. Hafði hafnarstæðið verið rannsakað árið áður og í lok apríl 1977 var hafin bygging líkans af Vopnafjarðarhöfn í hafnalíkanstöð Hafnamálastofnunar. Líkanið var svo prófað í júní og júlí. Þegar niðurstaða lá fyrir um hagstæðustu stefnu nýja hafnargarðsins í lok júlí, hófst útkeyrsla hans. Gekk það verk mjög vel. Í grjótnámunni frá byggingu brimvarnargarðsins var til það grjót, sem ekki hafði náð þeirri stærð að vera nothæft í brimvarnargarðinn. Þetta grjót mátti nú nota í ytri hluta og kápu nýja garðsins. Kjarnaefni fannst stutt frá, malarlag, sem auðvelt var að moka upp. Upp af hafnarstæðinu voru sprengdir um 5 000 m³ af grjóti, sem notaðir voru innan á garðinn og myndað með því um leið athafnastæði fyrir höfnina. Alls er hafnargarðurinn um 250 m langur, og í hann fóru um 55 000 m³ af grjóti og mól.

Í október var útkeyrslu garðsins að mestu lokið, og hófst þá undirbúningur þilreksturs. Stálþilsefnið kom til Vopnafjarðar í byrjun nóvember og var þá tekið til við að reka það niður. Þegar vinnu var hætt fyrir áramót, var búið að reka niður þilið, en eftir var að ganga frá festingum.

Stálþilið er rúmlega 120 m langt og eru við það tveir viðlegukantar, annar 65 m langur og hinn 25 m.

Framkvæmdakostnaður: 125.0 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Haldið var áfram byggingu viðleguhafnar við Hafnarhólma.

Lagfærður var vegurinn niður að hafnarsvæðinu. Hafin var bygging viðlegubryggju, 34 m langrar og 6 m breiðrar grjótkistu. Þetta verk var komið langt á leiðis, þegar óveðrið 12. nóv. 1977 skall á. Skemmdist bryggjan þá nokkuð og athafnasvæðið spilltist. Grjótgarðurinn úr hólmanum raskaðist og þarfnast nú viðgerðar og styrkingar.

Eftir þetta áfall var ákveðið að fresta framkvæmdum til vorsins 1978.

Verkið hófst um miðjan júlí og lauk um 20. nóv.

Framkvæmdakostnaður: 38 290 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Athuganir á löndunarkanti o. fl.

Kostnaður: 800 þús. kr.

Eskifjörður.

Unnið var að undirbúningi og efni keypt vegna stækkunar löndunarbyggju loðnubræðslu.

Kostnaður: 12 010 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Gengið var frá nýja stálþilskantinum, sem rekinn var niður árið 1975. Steyptur var hluti þekjunnar. Lagðar voru lagnir og gengið frá lýsingu. Auk þessa var unnið að viðgerð skemmda.

Verkið hófst um 20. júní og lauk um mánaðarmót okt. — nóv.
Framkvæmdakostnaður: 16.0 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Byrjað var á nýjum stálþilsbakka, sem mun verða aðalflutninga- og athafnakantur hafnarinnar. Keyrður var út garður innan við gömlu bæjarbryggjuna framan við díselrafstöðina. Garðurinn er 150 m langur og 12 000 m². Framan á þennan garð var svo rekið stálþil, 90 m langt, og verður á því 60 m viðlegukantur. Gengið var frá þybbum, bráðabirgðapollum og lýsingu.

Verkið hófst í byrjun ágúst og lauk í byrjun september. Selt var af efni því sem keypt hafði verið til dráttarbrautarinnar fyrir 9 925 þús. kr. Voru það þybbustaurar, sem fóru til Breiðdalsvíkur og staurar í grjótkistu á Borgarfjörð eystra.

Framkvæmdakostnaður: 42 819 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Gert var við skemmdir á aðalhafnargarðinum, sem er úr steiptum kerjum. Brotinn var upp og steiptur 16 m kafli í úthlið hafnargarðsins. Fyllt var innan þessa veggs og steipt þekja. Gert var við undirstöðu fremsta kersins.

Verkið hófst 21. maí og lauk um 18. júlí.
Framkvæmdakostnaður: 6.7 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Haldið var áfram frágangi við nýja hafnargarðinn, sem er ker á enda grjótgarðs. Steyptur var kantur á kerinu og herandi þekja. Gengið var frá raflögn og lýsingu. Byggð var þybba framan á innenda kersins, sem er innspennt þekja. Reknir voru niður 24 harðviðarstaurar á um 20 m kafla. Settar voru þybbur á um 40 m kafla. Verkið hófst um mánaðarmótin maí — júní og lauk í byrjun nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 25 950 þús. kr.

Djúpivogur.

Athugun hafnarstæðis o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 640 þús. kr.

Höfn, Hornafirði.

Hákur, dæluprammi Hafnamálastofnunar var á Hornafirði í ársbyrjun 1977. Dældi hann úr höfn og innsiglingu 26 500 m³ af sandi og leir á 12 verkdögum.

Framkvæmdakostnaður: 17 710 þús. kr.

Dyrhólaey.

Sprengt var skarð eða niðurkeyrsla í fjöruna, Kirkjufjöru, sunnan Dyrhólaeyjar. Er nú hægt að komast með báta á vagni þarna niður. Heimamenn unnu verkið og höfðu þar frumkvæði án samráðs við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2 680 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Haldið var áfram endurbótum á hafnarsvæðinu. Lagðar voru lagnir í Friðarhafnarbryggju og kringum Friðarhöfn. Þekja var malbikuð við Friðarhafnarbryggju.

Hafnarstjórn Vestmannaeyja sá um þessar framkvæmdir að mestu.

Verkið var unnið síðari hluta ársins 1977.

Framkvæmdakostnaður: 30.0 millj. kr.

Stokkseyri.

Verklok hækkunar og breikkunar bryggju. Þó bryggja væri hækkuð í þessu verki um einn metra, kom það ekki í veg fyrir að 4 bátar fóru yfir bryggjuna í flóðinu 14. desember 1977 og skemmdust eða eyðilögðust.

Framkvæmdakostnaður: 5 580 þús. kr.

Eyrarbakki.

Byggður var kantur inn í dokkina, sem grafinn var árið 1976. Nýja bryggjan er 30 metra löng og dýpi 2.5 m — 3 m. Hún er byggð á sama hátt og sú, sem fyrir var. Sett var upp eitt ljósamastur og vatnslögn bætt. Verk þetta hófst í marsbyrjun og lauk síðast í júlí. Í fyrri hluta desember var byrjað á fender nýju bryggjunnar, sem er úr timbri. Var efnið komið á staðinn, þegar flóðið og brimið 14. desember sundraði því um allar fjörur. Náðist efnið að mestu aftur, en þetta seinkaði verkinu til ársbyrjunar 1978.

Framkvæmdakostnaður 25.0 millj. kr.

Grindavík.

Unnið var við lýsingu og fleira.

Framkvæmdakostnaður: 2.0 millj. kr.

Hafnir í Höfnum.

Dýpkað var upp með bryggjunni. Borað, sprengt og grafið með krana, alls um 800 m³.

Verkið hófst 24. jan. og lauk 18. mars.

Geta nú minni bátar haft viðlegu upp með bryggjunni, en það var ekki hægt áður vegna takmarkaðs dýpis.

Framkvæmdakostnaður: 10.5 millj. kr.

Sandgerði.

Dýpkað var með sprengingum við ysta hluta aðalhafnarbakkans, svo að nú er þar 6.5 — 7.0 m dýpi. Magn sprengds og uppgrafins efnis var tæplega 2 000 m³ alls. Unnið var við þetta verk í janúar, en á því hafði verið byrjað á árinu 1976 og var búið að sprengja 800 m³ fyrir áramót.

Dælupramminn Hákur dældi úr hafnarstæðinu 43 000 m³ af leir, sandi og mól. Uppdælt efni var sett í uppfyllingu sunnan nýja grjótgarðsins og framan aðalgötunnar í Sandgerði.

Hákur var í Sandgerði frá 3. mars til 18. maí 1977.

Grettir, hinn nýi gröfuprammi Hafnamálastofnunar, kom til Sandgerðis 17. október 1977, og gróf úr væntanlegu stálþilsgarðstæði. Gróf Grettir niður á fast berg, sem síðar verður borað í og sprengdur skurður fyrir þilið. Magn uppgraftrar var 6 300 m³ af mól og grjóti.

Verkinu lauk 5. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 52.3 millj. kr.

Gerðar.

Verklok við grjótvörn.

Framkvæmdakostnaður: 750 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Haldið var áfram á nýju Óseyrarbryggjunni. Gengið var frá vatnslögn og úttök-um rafmagns. Steypt var þekja á hluta garðsins, alls 2 000 m² og hinn hlutinn mal-bikaður eða 1 200 m². Settar voru þybbur á allan garðinn. Krani gróf frá þilinu alls um 6 000 m³. Garðurinn er nú fullfrágenginn.

Verkið var unnið að hluta til samkvæmt útbóði og var unnið í áföngum á árinu 1977.

Framkvæmdakostnaður: 40.0 millj. kr.

Grundartangi.

Hafin var bygging hafnarbakka fyrir vöruflutninga málblendiverksmiðjunnar. Byrjað var á byggingu vinnubúða í maí 1977. Í júní var opnað grjótnám og útkeyrsla garðs hófst. Lögð var út malarmotta í garðstæðið með dælingu. Það verk var boðið út og lægsta tilboð fékkst frá dæluskipinu Perlunni, sem svo vann það verk. Malar-magnið í mottunni var alls um 45 000 m³ og meðalverð um 400 kr/m³. Þessari dælingu lauk um miðjan ágúst. Á meðan var stöðugt unnið við útkeyrslu garðsins. Grjót var tekið í námu við Galtalæk og mól úr námu við Stóru-Fellsöxl. Útkeyrslu garðsins lauk í ágúst, magn kjarna, malar og grjóts varð um 95 000 m³ til viðbótar því efni, sem var dælt. Vinna við stálpilsbakkann hófst í september og var búíð að reka niður rúmlega 100 m um áramót, og voru þá eftir 120 m. Fyrsta stóra verk nýja gröfupræmmans, Grettis, var að grafa fyrir þilinu. Var það 80 m langur og 2 m djúpur skurður, sprengdur niður á klapparbotn. Unnið var enn um áramót að rekstri stálpils.

Framkvæmdakostnaður: 391 310 þús. kr.

LANDSHAFNIR.

Landshöfnin Rífi.

Gengið var frá timburkistunni frá fyrra ári. Gengið var frá lýsingu og lögð var olíumöl, alls 2 000 m², frá hafnarköntum að vegi niður á hafnarsvæðið. Unnið var frá 24. jan. og fram til 6. maí.

Dælupræmminn Hákur dældi úr innsiglingu frá 18. júlí til 1. september, alls 23 000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 43.7 millj. kr.

Landshöfnin Keflavík — Njarðvík.

Lögð var vatnslögn í bryggjur í Keflavíkurhöfn. Sett var upp lýsing, þrjú möstur ásamt tilheyrandi húsum og lögnum.

Framkvæmdakostnaður: 34.7 millj. kr.

Landshöfnin Þorlákshöfn.

Hafnarbyggingu í Þorlákshöfn samkvæmt upphaflegum samningi við verktaka var lokið í desember 1976. Í þeim samningi var ekki innifalið að grjótverja innri og upphaflegan hluta Suðurvarargarðs. Ekki var talið, að hjá því yrði komist að vinna þetta verk, þar sem eftir framlengingu Suðurvarargarðs jókst ágjöf yfir garðinn á þessum kafla í slæmum veðrum. Verksamningur var gerður við Ístak, sem var nokkurs konar framlenging fyrra samnings um byggingu grjótvornar á Suðurvarargarð. Verkið hófst með því að taka þurfti upp dolosa af innri enda nýja grjótgarðsins. Þessi dolosar voru síðar settir utan á nýju grjótþyllinguna, alls um 370 dolosar.

Magn grjótvarnar var alls 42 000 m³.

Verkið hófst um áramót og lauk í lok apríl 1977. Þessi grjótörn reyndist mjög þýðingarmikil í flóðinu 14. des. 1977. Malbikuð var tengibraut hafnarvæðis, alls um 6 500 m².

Framkvæmdakostnaður: 95.6 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR.

Framkvæmdir við ferjubryggjur urðu á árinu 6 010 þús. kr. og voru notaðar til viðgerða á tveimur stöðum, Bæjum á Snæfjallaströnd og Reykjanesi við Ísa-fjarðardjúp.

REYKJAVÍKURHÖFN.

Framkvæmdir Reykjavíkurfhafnar á árinu 1977 námu samtals 328.0 millj. kr. en auk þess var varið um 55 millj. kr. til endurbyggingar á Ægisgarði, en það er talið viðhald. Engin ríkisstyrkur hefur verið veittur til þessara framkvæmda.

Nánar tiltekið var á árinu bætt aðstaða fyrir fiskiðnað og útgerðaraðila í Vesturhöfninni, svo og sett upp rafdreifikerfi vegna tengingar skipa við rafmagn úr landi. Samtals kostuðu þessar framkvæmdir 78.1 millj. kr. Í Austurhöfn var gerður 65 m hafnarbakki og 8000 m² landauki með fyllingu vegna aðstöðu fyrir Skipaútgerð ríkisins, alls 42.9 millj. kr. Í Sundahöfn — Vatnagörðum voru tveir hafnarbakkar lengdir, samtals um 100 m og unnið að landfyllinga. Þessar framkvæmdir námu 133.6 millj. kr. Í Sundahöfn — Kleppsvík var unnið fyrir 47.8 millj. kr. að landfyllingu. Aðrar framkvæmdir voru 25.6 millj. kr., þar af rannsóknir 9.2 millj. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1977 var unnið við rannsóknir hafnarstæða sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranes — Kannaður botn við skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts í Krókalóni og við Sementsverksmiðju ríkisins.

Grundartangi — Kannað hafnarstæði.

Stykkishólmur — Könnuð undirstaða viðgerðarbryggju í Skipavík.

Tálknafjörður — Kannað hafnarstæðir fyrir framan frystihús.

Bolungarvík — Könnuð undirstaða vegna löndunarkants loðnubræðslu.

Húsavík — Kannaðir möguleikar á vöruhöfn.

Þórshöfn — Könnun vegna viðlegukants togara og hafnarstæði.

Vopnafjörður — Jarðvegskönnun vegna stálþilkants innan brimvarnargarðs.

Fáskrúðsfjörður — Könnun vegna nýs vörुकants.

Sandgerði — Könnun hafnarstæðis.

Bátalón, Hafnarfirði — Kannaðir möguleikar til dýpkunar.

Landhelgisgæslan, Skerjafirði — Könnun bryggjustæðis við aðsetur Landhelgisgæslu í Skerjafirði.

Mælingar á höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum: Grímsey, Húsavík, Þórshöfn, Bakkafirði og Þorlákshöfn.

Sandburðarmælingar voru gerðar á Ólafsfirði og Eyrarbakka.

Mældar voru hafnir í Hrisey, Súgandafirði, Siglufirði, Höfn í Hornafirði og Flatey.

Unnið var að lausn hafnarstæða í samvinnu við heimamenn á Vopnafirði, Bolungarvík, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Þórshöfn, Akranesi, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Ólafsvík.

Fylgst var með sandflutningi í Hornafjarðarós og Eyrarbakkahöfn.

Unnið var við athuganir á hafnarstæði við Dyrhólaey.

Unnið var við athuganir á skipasmíðaiðnaði og dráttarbrautum í samvinnu við Iðnþróunarstofnun og nefnd þá, sem iðnaðarráðherra hefur skipað í þeim tilgangi. Gerðar voru úthafsöldumælingar með öldudufllum út af mynni Vopnafjarðar og mynni Eyjafjarðar.

Gerðar voru öldumælingar með öldudufllum út af eftirtöldum höfnum: Grundartanga, Akranesi, Ólafsvík, Dalvík og Vopnafirði.

Mælingar með þrýstímælum inni í höfnum voru gerðar í þessum höfnum: Grundartanga, Akranesi, Ólafsvík, Ólafsfirði, Dalvík og Vopnafirði.

Hafnarmálastofnunin tók á leigu húsnæði við Funahöfða 13 undir líkantilaunir. Hófst þær þar í apríl 1977, þegar byggt var líkan af Vopnafjarðarhöfn. Lokið var við líkantilaunir á Vopnafjarðarhöfn í lok júlí. Var þar endanlega ákveðin lega og stefna nýja hafnargarðsins, sem byrjað var á á sama tíma.

Síðan var byggt líkan af Akraneshöfn, og var unnið við tilraunir með það enn um áramót. Voru í þessu líkani reyndar mismunandi stefnur og lengdir nýja grjótgarðsins, sem nú er í byggingu, og framtíðarlausnir hafnarinnar.

Sjávarfallamælingar voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík, Skagaströnd, Kópaskeri, Raufarhöfn, Vopnafirði og Grundartanga. Auk þess var fastur mælir á Siglufirði, og á Djúpvogi var settur upp sjávarfallamælir af I.O.S. Bidston Observatory í Englandi.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Gretti, hinu gamla grafskipi Hafnamálastofnunar, var lagt á árinu 1976. Var hann þá orðinn útslitinn og ekki hagkvæmt að gera hann út lengur. Á fjárlögum ársins 1977 voru veittar 30 m.kr. til kaupa á nýjum dýpkunartækjum. Hafnamálastofnun hafði bæði árin 1975 og 1976 gert nokkra könnun á því hvers konar tæki væri heppilegast í stað gamla Grettis. Niðurstaða hennar var, að það væri gröfuprammi, sem norskur verktaki, Selmer A/S, hafði þróað. Var gerður samningur við Selmer A/S um smíði slíks pramma strax í ársbyrjun 1977. Einnig var boðin út smíði tveggja efnisflutningapramma og síðan samið við lægstbjóðanda, Vélsmiðjuna Stál, Seyðisfirði, um smíði þeirra.

Hinn nýi gröfuprammi, sem einnig hlaut nafnið Grettir, kom til landsins seinni hluta júní 1977 og tók um 3 vikur að setja í hann og tengja hinn vökvaknúna búnað. Það eru fætur, sem hann styðst við, og grafa, sem var keypt frá Warner Swasey í Bandaríkjunum.

Nánari lýsing á hinum nýja Gretti er: lengd 35.5 m, breidd: 10 m, dýpt 2.5 m. Flekinn styðst við 2 fætur, sem hver um sig vegur 11 tonn, og þrýsta á botninn með 50 tonna þunga. Þriðji fóturinn er 15 tonn og hvílir á botni af eigin þunga eingöngu. Öllum fótunum er stýrt úr gröfunni með vökvaknúnu kerfi. Undir dekki eru tvær 40 kW ljósavélar, sem sjá fyrir raforku til ljósa og fleira. Allur vegur pramminn án gröfunnar 260 tonn, en grafan vegur 50 tonn.

Grafan stendur aftast á flekanum. Það er stærsta vökvaknúna grafa hér á landi, knúin tveim 308 hestafla dísilvélum. Vökvakerfi gröfunnar er tengt vökvakerfi fóta flekans. Keypt voru með gröfunni tvö sett grafarma, annað fyrir allt að 10 m dýpi, en hitt fyrir allt að 12 m dýpi. Einnig voru keyptar tvær skóflur. Önnur 3.1 m³ og hin 2.3 m³. Miðað við fengnar upplýsingar á grafan að geta grafið 2—400 m³ á klukkustund við góðar aðstæður.

Efnisflutningaprammar þeir, sem keyptir voru, taka 150 m³ hvor og eru þannig útbúnir, að þeir opnast að endilöngu. Annar þeirra verður knúinn eigin vélarafli, en hinn ekki. Var hann afhentur í lok september 1977, en vélknúni pramminn verður afhentar vorið 1978. Mun hann einnig geta lagt út grjót undir grjótgarða, og í samvinnu við Gretti ættu þeir að geta lagt grjót í skörð í grjótgörðum.

Verkefni nýja Grettis voru við hafnargerðir á eftirtöldum fimm stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdirnar og framkvæmdatíma á hverjum stað er að finna hér að framan.

	Gröftur í m ³
Hafnarfjörður	3 000
Grundartangi	3 800
Akranes	1 250
Sandgerði	1 200
Skagaströnd	14 000

Hákur, dæluprammi Hafnarmálastofnunarinnar, var á árinu við dælingu á eftirtöldum stöðum:

	Dælt magn í m ³
Höfn í Hornafirði	26 500
Grundarfjörður	19 500
Sandgerði	43 000
Rifshöfn	23 000
Skagaströnd	18 500
Flateyri	19 500

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður	Ríkishluti
I. Almennar hafnir:				
Akranes	Grjótgarður (85 086 m ³)	75%	104 800	
	Rannsóknir (módel)	75%	17 500	
	Bílavog	40%	16 600	
	Dýpkun Grettis (1 235 m ³)	75%	5 400	
	Þekja	75%	5 300	
	Ljósamöstur o. fl.	75%	1 500	
			151 100	107 515
Borgarnes	Mælingar	75%	1 000	750
Arnarstapi	Grjótgarður - verklok	75%	980	735
Hellnar	Grjótgarður - verklok	75%	400	300
Ólafsvík	Mælingar o. fl.	75%	3 300	
	Verklok frá 1976	75%	1 000	
			4 300	3 225
Grundarfjörður	Dýpkun Háks (19 390 m ³)	75%	16 000	
	Endurbygging bátabryggju	75%	7 000	
	Verklok frá 1976 (stálþil)	75%	3 000	
			26 000	19 500
Stykkishólmur	Hafnarvog	40%	16 500	
	Dráttarbraut	40%	6 800	
	Mælingar o. fl.	75%	1 600	
			24 900	10 520
Patreksfjörður	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%	290	220
Tálknafjörður	Mælingar og verkfræðikostnaður	75%	1 200	900
Bíldudalur	Stálþil	75%	44 000	33 000
Þingeyri	Stálþil	75%	71 140	
	Undirbúningur dýpkunar Háks	75%	1 200	
			72 340	54 255
Flateyri	Dýpkun Háks (19 388 m ³)	75%	13 500	10 125
Suðureyri	Hafnarvog	40%	4 000	
	Mælingar og verklok 1976	75%	2 500	
			6 500	3 480
Bolungarvík	Mælingar, verklok	75%	1 720	1 290
Ísafjörður	Stálþil o. fl.	75%	30 000	
	Lóðsbátur	40%	12 000	
				42 000
Súðavík	Grjótgarður	75%	48 255	36 190
Hólmavík	Vatns- og raflögn, lýsing	75%	9 500	7 125
Drangsnæs	Verklok	75%	540	405
Hvammstangi	Trébryggja	75%	17 565	13 170
Blönduós	Verkfræðikostnaður	75%	20	15
Skagaströnd	Dýpkun Grettis (13 650 m ³)	75%	20 000	
	Dýpkun Háks (18 271 m ³)	75%	19 000	
	Bryggja	75%	8 000	
			47 000	35 250
Sauðárkrókur	Malbikuð þekja o. fl.	75%	15 500	11 625
Siglufjörður	Dýpkun með Birninum	75%	12 800	
	Uppfylling v/togarabryggju	75%	16 200	
				29 000
Ólafsfjörður	Grjótgarður o. fl. (24 280 m ³)	75%	37 500	28 125
Dalvík	Stálþil	75%	22 500	
	Hafnarvog	40%	500	
				23 000

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður	Ríkishluti
Hrísey	Trébryggja	75%	17 680	13 260
Hauganes	Verklok	75%	60	45
Hjalteyri	Smábátabryggja	75%	35 630	26 720
Akureyri	Vöruhöfn	75%	40 280	
	Slippkantur	75%	5 275	
	Dráttarbraut	40%	26 575	
			<hr/> 72 130	47 340
Grenivík	Verkfræðikostnaður	75%	60	45
Grímsey	Mælingar	75%	600	450
Húsavík	Grjótgarður í smábátahöfn	75%	27 000	
	Rannsóknir og mælingar	75%	4 000	
			<hr/> 31 000	23 250
Raufarhöfn	Grjótgarður	75%	30 500	22 875
Þórshöfn	Grjótgarður	75%	17 700	13 270
Bakkafjörður	Raflögn	75%	660	495
Vopnafjörður	Grjótgarður og stálþil	75%	113 000	
	Líkantilraun og mælingar	75%	12 000	
			<hr/> 125 000	93 750
Borgarfjörður eystri	Grjótgarður og trébryggja	75%	38 290	28 715
Seyðisfjörður	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%	800	600
Eskifjörður	Efni í trébryggju	75%	12 010	9 005
Reyðarfjörður	Þekja, raflögn og vatnslögn	75%	16 000	12 000
Búðir, Fáskrúðsfirði	Stálþil hafskipabryggju	75%	42 820	32 145
Stóðvarfjörður	Frágangur þekju	75%	3 850	
	Viðgerð Hafnabótasjóðs		2 850	
			<hr/> 6 700	2 890
Breiðdalsvík	Frágangur, lagnir, fender	75%	25 950	19 460
Djúpivogur	Verkfræðikostnaður o. fl.	75%	640	480
Höfn, Hornafirði	Dýpkun Háks	75%	17 710	13 285
Dyrhólaey			2 680	2 000
Vestmannaeyjar	Þekjur, lagnir o. fl.	75%	30 000	22 500
Stökkseyri	Verklok v/lagfæringa á bryggju	75%	5 580	4 185
Eyraryakki	Viðlegukantur	75%	25 000	18 750
Grindavík	Lýsing o. fl.	75%	2 000	1 500
Hafnir í Höfnum	Dýpkun	75%	10 500	7 875
Gerðar	Verklok v/grjótvarnar	75%	750	565
Sandgerði	Dýpkun í janúar, verklok	75%	5 500	
	Dýpkun Háks (42 800 m ³)	75%	26 500	
	Dýpkun Grettis (6 240 m ³)	75%	14 500	
	Kostnaður v/borpramma	75%	3 200	
	Hönnun þils, mælingar o. fl.	75%	2 600	
			<hr/> 52 300	39 225
Vogar	Ýmislegt	75%	30	20
Hafnarfjörður	Þekja o. fl.	75%	40 000	30 000
			<hr/> 1 278 790	930 540
	Samtals			

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1977.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

II. Sérstakar framkvæmdir:				
Grundartangi	Bygging hafnarbakka	75%	391 310	293 482
III. Landshafnir:				
Keflavík-Njarðvík	Vatnslögn og rafþýsing		34 700	
Rif	Dýpkun, lögð olfumöl, rafþýsing		43 700	
Þorlákshöfn	Grjótvörn, malbik, lokafrágangur samkvæmt verksamningi		95 600	
		Samtals	174 000	
IV. Ferjuhafnir:				
Bær á Snæfjallastr.	Viðgerð		2 500	
Reykjan. við Ísafj.dj.	Viðgerð		3 510	
		Samtals	6 010	
V. Reykjavíkurhöfn:				
	Bækistöð, tæki o. fl.		16 405	
	Vesturhöfn – gatnagerð, fylling o. fl. .		45 961	
	Vesturhöfn – rafdreifikerfi		8 189	
	Vesturhöfn – húseignir		23 933	
	Austurhöfn – Grófarbakki		42 925	
	Sundahöfn – Vatnagarðar		133 555	
	Sundahöfn – Kleppsvík		47 840	
	Rannsóknir		9 215	
		Samtals	328 023	
	Framkvæmdir alls 1977		2 178 133	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1977.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1976		Ríkisluti framkv. 1977	Fjárveiting 1977	Staða við ríkissjóð í árslok 1977	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
Hafnir						
1. Akranes		13 700	107 515	76 500	17 315	
2. Borgarnes	550		750	0	1 300	
3. Arnarstapi	16 765		735	15 700	1 800	
4. Hellnar	780		300	0	1 080	
5. Ólafsvík	16 515		3 225	20 100		360
6. Grundarfjörður	10 725		19 500	29 900	325	
7. Stykkishólmur	7 920		10 520	20 200		1 760
8. Patreksfjörður	1 380		220		1 600	
9. Tálknafjörður	700		900	600	1 000	
10. Bíldudalur		11 540	33 000	24 200		2 740
11. Þingeyri		4 855	54 255	54 200		4 800
12. Flateyri		4 125	10 125	2 300	3 700	
13. Suðureyri	22 420		3 480	24 700	1 200	
14. Bohingarvík	2 910		1 290	1 400	2 800	
15. Ísafjörður		45	27 295	23 200	4 050	
16. Súðavík		5 220	36 190	22 000	8 970	
17. Hólmavík			7 125	7 500		375
18. Drangsnæs	1 555		405	0	1 960	
19. Hvammstangi	4 320		13 170	16 400	1 090	
20. Blönduós	705		15	1 000		280
21. Skagaströnd	13 250		35 250	63 100		14 600
22. Sauðárkrúkur	7 540		11 625	18 800	365	
23. Hofsóss		850				850
24. Siglufjörður		15 910	21 750	12 000		6 160
25. Ólafsfjörður	6 700		28 125	31 700	3 125	
26. Dalvík	1 375		17 075	12 000	6 450	
27. Hrísey	2 260		13 260	17 200		1 680
28. Árskógssandur	175				175	
29. Hauganes	3 380		45	3 300	125	
30. Hjalteyri	5 715		26 720	11 300	21 135	
31. Akureyri	46 640		47 340	22 500	71 480	
32. Grenivík	180		45	0	225	
33. Grímsey		1 265	450	7 500		8 315
34. Húsavík	7 170		23 250	27 000	3 420	
35. Raufarhöfn		9 890	22 875	8 900	4 085	
36. Þórshöfn	30		13 270	11 300	2 000	
37. Bakkafjörður	20		495	0	515	
38. Vopnafjörður		15 650	93 750	20 700	57 400	
39. Borgarfjörður eystri	7 270		28 715	15 000	20 985	
40. Seyðisfjörður	675		600	0	1 275	
41. Neskaupstaður	63 220			57 000	6 220	
42. Eskifjörður	995		9 005	0	10 000	
43. Reyðarfjörður	2 250		12 000	12 700	1 550	
44. Búðir, Fáskrúðsfirði		14 810	32 145	15 500	1 835	
45. Stöðvarfjörður	870		2 890	3 800		40
46. Breiðdalsvík	35 100		19 460	48 900	5 660	
47. Djúpvogur	1 590		480	0	2 070	
48. Höfn, Hornafirði	1 380		13 285	11 300	3 365	
49. Dyrhólaey			2 000	2 000		
50. Vestmannaeyjar	9 300		22 500	39 400		7 600
51. Stokkseyri		5 485	4 185	0	1 300	
52. Eyrarbakki	2 650		18 750	26 700		5 300
53. Grindavík		2 200	1 500	0		700
54. Hafnir í Höfnum		6 430	7 875	3 000		1 555
55. Gerðar		665	565	0		100
56. Sandgerði		12 995	39 225	37 500		11 270
57. Vogar	880		20		900	
58. Hafnarfjörður	32 680		30 000	51 600	11 080	
Samtals	340 540	125 635	930 540	931 600	283 630	69 785

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1977

	Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2	931 600
Landshafnir:	
Keflavík-Njarðvík	65 000
Rif	35 000
Þorlákshöfn	95 000
	195 000
Ferjuhafnir:	
Flatey á Breiðafirði	5 000
Bæir	2 000
Æðey	7 500
Vigur	500
Viðhald	2 000
	17 000
Grundartangi:	
Fjárveiting 1977	150 000
Fjárveiting frá Iðnaðarráðun. '76	20 000
	170 000
Samtals	1 313 600

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1977

	Þús. kr.
Akranes	800
Álftanes	1 500
Bessastaðir	500
Eyrbakki	15 000
Flateyri	4 000
Garðskagi	700
Gerðar	800
Gróttá	500
Innri Akraneshreppur	200
Miðneshreppur	2 000
Seltjarnarnes	2 000
Selvogur	2 000
Stökkseyri	1 500
Vogar	1 500
Patreksfjörður	2 000
Samtals	35 000

Tafla 5. Gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán árið 1977
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Akureyri	155	Mjóifjörður	37
Árskógssandur	70	Neskaupstaður	338
Bildudalur	406	Ólafsfjörður	120
Bolungarvík	703	Ólafsvík	97
Borgarfjörður eystri	86	Patreksfjörður	543
Búðardalur	94	Reyðarfjörður	141
Dalvík	84	Sandgerði	200
Eskifjörður	150	Sauðárkrókur	136
Eyrarbakki	306	Seyðisfjörður	459
Flatey á Skjálfanda	400	Skagaströnd	35
Flateyri	444	Stykkishólmur	86
Grenivík	40	Súðavík	86
Grindavík	302	Suðureyri	419
Grundarfjörður	58	Tálknafjörður	100
Hafnarfjörður	376	Vestmannaeyjar	218
Hólmavík	36	Vopnafjörður	260
Hrísey	70	Þingeyri	333
Húsavík	320	Þórshöfn	255
Ísafjörður	37		
		Samtals	8 000